



Norðurþing  
Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 12. mars 2021  
Tilvísun: 202008009 / 3.4

## Efni: Deiliskipulag fyrir heilbrigðisstofnanir á Húsavík, Norðurþing

Norðurþing hefur, með erindi dags. 18. febrúar 2021, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsméðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemda fresti lauk 1. febrúar 2021. Athugasemd barst frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Veðurstofu Íslands. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 16. febrúar 2021.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem skilgreint er sem þ1 í aðalskipulagi Norðurþings. Á svæðinu eru heilbrigðisþjónusta. Skilgreind er ný lóð, Auðbrekka 2, þar sem gert er ráð fyrir 60 herbergja, allt að 4800 m<sup>2</sup>, hjúkrunarheimili á allt að 3 hæðum með kjallara.

Samhliða var auglýst breyting á skipulagsmörkum íbúðarsvæðis við Auðbrekku auk þess sem gerð var óveruleg breyting á aðalskipulagi sem hefur tekið gildi.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 16. febrúar 2021 og á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 dags. 16. febrúar 2021. Með gögnum fylgir Húsakönnun, svæði heilbrigðisstofnana á Húsavík við Auðbrekku, dagsett árið 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á eftirfarandi:

Í inngangaskafla greinargerðar og í hönnunarsamkeppnisgögnum eru sett fram metnaðarfull markmið varðandi uppbyggingaráform, útisvæði, gönguleiðir, blágrænar ofanvatnslausnir og fleira. Þessi markmið endurspeglast ekki í skilmálum deiliskipulagsins. Stofnunin hvetur til þess að settir séu fram nákvæmari skilmálar í deiliskipulaginu til að tryggja þau markmið sem sett eru um gæði mannvirkja og umhverfis sbr. gr. 5.3.2.2. og 5.3.2.3. í skipulagsreglugerð.

Auk þess þarf að gera grein fyrir stærð svæðisins og setja fram ítarlegri skilmála varðandi fjölda bílastæða.

Senda þarf Skipulagsstofnun lagfærð gögn til vörlu.

Sóley Ósk Sigurgeirsdsdóttir